

Kiwanis

Umdæmið Ísland-Færeyjar

kiwanis.is

Efling, kraftur, áræði – Ábyrgðin er okkar

Skýrsla internetnefndar til umdæmisstjórnarfundar á þingi á Höfn 23 september 2011.

Frekar hefur nú verið rólegt hjá internetnefnd frá því á síðasta umdæmisstjórnarfundi í Reykjavík í apríl s.l. en gúrkutíð hefur verið í fréttum eins og ávalt á þessum árstíma. En eins og fram kemur í fyrri skýrslum mínum er búið að vera mikið að gera í vefheimum, m.a. nýr vefur fór í loftið í byrjun árs og móttökur hafa verið frábærar og miklar heimsóknir verið inn á vefinn. Það eina sem ég get kvartað yfir núna er að menn eru stundum að setja inn efni á spjallið sem á virkilega heima á fréttasíðunni, en ég get svo sem skilið menn sem eru ákafir og vilja koma sínu efni strax inn á vefinn. Kannanir eru einn af þessum nýju liðum sem eru á nýja vefnum og hefur þátttaka í þeim verið með ágætum en dalað aðeins þegar liðið hefur á sumarið sem gefur að skilja, en vonandi verður kiwanisfólk duglegt að taka þátt í könnunum á komandi starfsári. Aukning á flettingum fréttu á nýju síðunni hafa aukist til muna eða um allt að 50% sem er frábært og vonandi verður framhald á því.

Ég ætla að láta þetta duga í bili en eitt hefur maður ávalt í huga, það er alltaf hægt að gera betur og framfarir og þróun á netinu eru örar og nánast með ólíkindum og verður maður að vera vakandi til þess að dragast ekki aftur úr og enda með úrelt verkfæri í höndunum svo sem tölvur, hugbúnað, umsýslukerfi og fleira.

Að lokum vil ég þakka Kiwanisfélögum samstarfið á þessu starfsári sem er að líða og vonandi koma menn og konur jafn öflug til starfa á næsta starfsári og er mann strax farið að hlakka til.

Bestu kveðjur með ósk um öflugt Umdæmisþing.

10 ágúst 2011.

Tómas Sveinsson formaður internetnefndar.